

Háskóli Íslands

Hugvísindasvið

Heimspeki

Draumveruleiki

Verufræði drauma

Ritgerð til B.A.-prófs í heimspeki

Hjalti Freyr Ragnarsson

Kt.: 020991-2409

Leiðbeinandi: Henry Alexander Henrysson

Janúar 2018

Ágrip

Draumar hafa verið nýttir sem rök fyrir efa um tilvist efnislegs heims oftar en einu sinni í heimspekisögunni. René Descartes hélt því fram að hann gæti ekki útilokað það á vakandi stundu að honum væri í raun að dreyma. Aragrúi heimspekinga reyndi í kjölfarið að brjóta þau rök á bak aftur, sem reyndist þrautin þyngri. Eitthvað við drauma gerir þá samtímis augljóslega óraunverulega og ruglandi líka vökustundum. Í þessari rannsókn er markmiðið að komast að því hvað draumar eru, hverju þeir samanstanda af, hvort þeir þjóni einhverjum tilgangi og hvort þeir séu aðgreinanlegir vöku á einhvern hátt. Takmarkið er ekki að staðfesta tilvist efnisleg heims með því að greina á milli drauma og vöku, heldur að skilja þetta snúna fyrirbæri sem flestir komast í kynni við nær daglega. Fyrst er litið til þekktra skrifa um drauma í heimspekisögunni, sem flest snúa að áðurnefndu þekkingarfræðivandamáli, en fela þó öll að einhverju leyti í sér verufræði, því að til þess að svara efahyggjuvandanum þarf fyrst að svara því hvað draumar séu. Næst er litið til nýlegri skrifa sem snúast um verufræði drauma og að lokum litið til samspils heimspeki og taugavísinda sem virðast einkenna rannsóknir á draumum í seinni tíð. Með allar þessar upplýsingarnar í höndunum er reynt að svara grundvallarspurningum um veru drauma.

Efnisyfirlit

Ágrip	1
Inngangur	3
I. Forn draumheimspeki	4
II. Draumrök Descartes: drauma- og vökuagnablik eru óaðgreinanleg	4
III. Tilraunir til aðgreiningar drauma og vöku	7
a. Thomas Hobbes	7
b. John Locke	9
IV. Bertrand Russell og hans draumverufræði. Draumar eru sem upplifanir eðlislægt óaðgreinanlegar frá vöku	10
V. Verða draumar einungis til þegar vaknað er?	13
VI. Eru draumar ofskynjanir, skynvillur, eða ímyndanir?	15
VII. Owen Flanagan og nútímalegri heimspekirýni í drauma	17
VIII. Hvað eru draumar?	19
a. Hvað þarf til draums?	20
b. Hvaðan kemur efniviðurinn?	21
c. Tilgangur drauma	22
d. Eru draumar raunverulegir?	22
e. Er munur á draumi og vöku? Hver er hann?	23
f. Eru draumar efnisleg eða óefnisleg fyrirbæri?	25
Niðurstöður	25
Heimildaskrá	28

Inngangur

Hvað eru draumar? Þegar stórt er spurt, þarf oft að skipta spurningunni niður. Hvað þarf til að draumur geti orðið? Hver er tilgangur drauma? Eru draumar raunverulegir? Er munur á draumi og vöku, og ef svo er hver er hann? Eru draumar efnislegt eða efnislaust fyrirbæri? Gerð verður atlega að öllum þessum spurningum, og þeim svarað eftir bestu getu út frá rýni í helstu umfjöllun heimspekinnar um drauma.

Draumar hafa í gegnum heimspekisöguna mikið verið skoðaðir í þekkingarfræðilegu samhengi en minna í verufræðilegu samhengi. Þekkingarfræðirannsóknir hófust í kjölfar skrifa René Descartes, sem eru líklega þau frægustu sem snerta á draumum innan heimspekinnar. Í þeim hélt hann fram að í vöku okkar gæti okkur allt eins verið að dreyma, sem svipaði til orðræðu Zhuangzi um 2000 árum fyrr. Í útskýringu á þeirri fullyrðingu var óhjákvæmilegt að fara inn á slóðir verufræðinnar, og í fjöldamörgum svörum við vandamáli hans var oft farið enn dýpra í verufræði drauma. Hobbes vildi aðgreina drauma frá vöku með fáránleikann í fararbroddi. Locke þótti fjarstæðukennt að rugla saman vöku og draumum, og nýtti sér helst sársauka til aðgreiningar. Russell fór síðan enn lengra en Descartes og sagði drauma- og vökuupplifanir í eðli sínu óaðgreinanlegar. Þó leynast heimspekিতextar um drauma sem snerta fyrst og fremst á verufræði, t.a.m. stutt skrif Aristótelesar um drauma, sem veittu einmitt Hobbes mikinn innblástur.

Nýjar og frumlegar hugmyndir um drauma hafa einnig orðið til í heimspekilegri umræðu á tuttugustu öldinni. Norman Malcolm, og Daniel Dennett á eftir honum, veltu fyrir sér hvort að draumar væru í raun upplifanir. Þeir héldu svo fram að draumar gerðust í raun ekki yfir nóttina, heldur yrðu annað hvort að öllu leyti til við vakninguna sjálfa, eða væru allavega settir saman þá. Melanie Rosen setti svo nýverið fram kenningu um að draumar væru uppspuni, eða a.m.k. virkilega óáreiðanlegar frásagnir. Ef draumar eru upplifanir þarf að spyrja sig hvers konar upplifanir þeir eru, eru þeir ofskynjanir, ósjálfráðar umlykjandi upplifanir sem illaðgreinanlegar frá vöku? Eða eru þeir skynvillur, óljósar og bjagaðar upplifanir af umhverfi dreymanda um nóttina? Þriðja valmöguleikann setti svo Jonathan Ichikawa fram nýverið, að draumar séu ímyndanir, knúnar fram af ímyndunaraflinu.

Á okkar tímum hafa svo taugavísindin tekið við kyndlinum í draumrannsóknum, en ekki þó svo mikið að ekki sé rúm fyrir heimspekina enn. Reyndar eru margir helstu draumrannsækendur með fingurna í báðum fögum, eins og t.d. Owen Flanagan, en hann hefur gert tilraunir til að svara flestum helstu vandamálum draumfræðanna. Á tímum vísindalegrar rannsóknar hriðfækkar

viðfangsefnum þar sem heimspekin er helsta rannsóknartólið. Þá standa helst eftir spurningarnar sem ekki verður svarað, og fyrirbærin sem eru torrannsakanlegust, eins og draumar. Draumum svipar nefnilega næstum til dauðans, bæði eru þetta sammanleg fyrirbæri sveipuð dulúð sem eru jafn illrannsakanleg og þau eru áhugaverð.

I. Forn draumheimspeki

Aristóteles taldi drauma, í stuttri greiningu í *Parva Naturalia*, vera afleiðingu af áframhaldandi „hreyfingu“ skynlíffæra eftir að upprunalegt áreiti er yfirstaðið.¹ Líkt og áframhaldandi flug kasthlutar þó að upprunalegt hreyfiafl snerti það ekki lengur, eða hitaður hlutur sem smitar út frá sér allt í kring. Hann taldi að draumar ættu uppruna sinn í skynjunum, hvort sem það eru ytri skynjanir eða innri. Slíkar skynjanir valda „örvandi hreyfingum“, sem viðkomandi verður lítið var við í ys og þys vökulífsins, en birtast ljóslifandi þegar engin skynjun truflar.²

Kínverski heimspekingurinn Zhuangzi sem var uppi á svipuðum tíma og Aristóteles á svo líklega fyrstu skjaldsettu útgáfu draumraka, sambærileg þeim sem Descartes setti svo fram síðar. Hann dreymdi að hann væri fiðrildi og vissi ekkert um Zhuangzi. Svo vaknaði hann sem Zhuangzi. Hann gat ekki vitað hvort hann væri fiðrildi að dreyma að það væri Zhuangzi eða Zhuangzi að dreyma að hann væri fiðrildi.³

II. Draumrök Descartes: drauma- og vökuaugnablik eru óaðgreinanleg

Í *Hugleiðingum um frumspeki* tók René Descartes að efast um allt sem hann gat ekki verið algerlega sannfærður um hér og nú. Í skipulögðum efanum nýtti hann sér tilvist drauma til að véfengja vökuástand sitt. Þar sem að honum hafði oft láðst að gera sér grein fyrir því að honum væri að dreyma, gæti honum allt eins verið að dreyma á þessari vökustundu.⁴ En hvers vegna eru þessi rök haldbær, er ekki greinilegur

¹ Aristóteles, *Parva Naturalia*, 458a „On Dreams“, sótt á vef MIT háskólans: <http://classics.mit.edu/Aristotle/dreams.html>

² Aristóteles, „On dreams“, 3. hluti.

³ Chad Hansen, „Zhuangzi.“ *Stanford Encyclopedia of Philosophy*, birt 2014 <https://plato.stanford.edu/entries/zhuangzi/> 4.8.

⁴ René Descartes, *Hugleiðingar um frumspeki* (Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 2001), 135.

munur á vöku og draumi? Komum aðeins að því síðar. Drauma segir hann vera myndir, málaðar af huganum, sem hljóta að vera málaðar eftir einhverju skapalóni líkt og málverk eru myndir málaðar eftir skynjun af ytri heimi.⁵ Efniviðurinn hlýtur að vera til, hvort sem að efniviðurinn sé raunheimurinn, sem málað er eftir, eða að efniviðurinn sé aðeins sambærilegur málningu listmálarans. Descartes efast að einhverju leyti um raunheims-efniviðinn en var viss í sinni sök um að málningin þyrfti að vera til staðar.⁶ Þá fullyrðir hann í raun að efniviður drauma (og allrar skynjunar) þurfi ekki endilega að koma úr raunheimum og skynjunum okkar af honum heldur gæti hann verið sóttur í „einhvern einfaldari og víðtækari veruleika“,⁷ líkt og málurinn sækir efnivið málverksins í ósvikna liti málningarinnar. Ef þetta er rétt, þá gæti mannveru dreymt án þess að hafa skynjað nokkuð áður. Það fellur ekki beint að skýringu Aristótelesar sem sagði drauma eiga uppruna sinn í skynjunum. Andstæðingur rökhyggju Descartes, raunhyggjumaður, myndi allavega ekki samþykkja þetta. Hann myndi telja, líkt Aristótelesi, að ekki sé unnt að dreyma án þess að hafa uppsafnaðan efnivið til að dreyma upp úr. Það sem kemur fram í draumum þarf að eiga sér samsvörun í huganum, sem hlýtur þá að hafa komið úr fyrri skynjun. Þar af leiðandi gæti manneskju ekki dreymt án þess að hafa upplifað eða skynjað nokkuð. Það að blindum dreymir einungis hljóð, ekki myndir, styrkir þann skilning umtalsvert.⁸ Segjum sem svo að til sé sofandi fóstur á meðgöngu. Ef að fóstrið (köllum það Beru) myndi aldrei „vaka“ í neinum skilningi í móðurvömb, heldur sofa alla níu mánuðina, og síðan fæðast sofandi inn í heiminn, þá myndi það ekki dreyma neitt ef ályktunin að ofan reynist rétt. Þá skapa skynfærin ekki drauma upp úr engu, heldur setja þá aðeins saman úr minningum og ímyndunum. Þá gerum við ráð fyrir að ímyndanir séu líka einungis samsetningar minninga, að ekki sé hægt að ímynda sér „upp úr engu“. Þetta viðhorf fellur vel að efnishyggjunni sem er algengt sjónarmið í dag.

Rökhyggjusinni myndi á móti kemur mögulega telja að „málningin“ sé partur af því sem er okkur meðfætt. Að litir og blæbrigði þeirra séu t.d. eitthvað sem ekki þarf að upplifa fyrst áður en okkur dreymir þá. Aðeins þurfi að framkalla þá úr „kerfinu“. Annar skilningur væri að litir og blæbrigði þeirra búi á himni hugtakanna, og hugir okkar sæki fyrirbrigðin aðeins til veraldar frummyndanna sem er okkur á annan hátt ekki aðgengileg. Í þeim skilningi gæti sofandi fóstrinu Beru, verið að dreyma í móðurvömb um leið og heilinn væri nægilega þroskaður til þess. Segjum sem svo að Bera sé hrein vitund og líti á sjálfa sig sem ljóstýru, ef hún lítur yfir höfuð

⁵ Descartés, *Hugleiðingar um frumspeki*, 135-136.

⁶ Descartés, *Hugleiðingar um frumspeki*, 136.

⁷ Descartés, *Hugleiðingar um frumspeki*, 136.

⁸ Owen Flanagan, *Dreaming Souls* (New York: Oxford University Press, 2000), 83.

á sjálfa sig sem sjálfstæða veru á þessu stigi. Og að veröld hennar sé samsett úr litablæbrigðum eða hverju því sem vitund hennar hefur aðgang að *a priori*. Bera fæðist svo andvana, og þá var þessi undarlega draumveröld í raun hennar eini heimur. Ef við segjum sem svo að á hverju augnabliki gæti okkur verið að dreyma og þar af leiðandi sé allt líf okkar mögulega draumur sem við vöknum aldrei af þar til við deyjum, þá mætti í raun segja að okkar veruleiki væri eins og heimur Beru.

Þó svo að hér sé orðræðan farin að nálgast þekkingarfræðilegu draumaumræðuna ákaflega mikið, hvort að vökustundir okkar gætu í raun verið draumur, er hún ekki endilega að fjarlægjast verufræðina. Því að það skiptir miklu máli hvort að efnislegi veruleikinn sé, eins og draumur, bara sýnd, eða hvort efnislegi veruleikinn sé í raun efnislegur, og hvort það hafi áhrif á hvort draumar séu „raunverulegir“ eða ekki. Það hefur mikil áhrif á skilning okkar á tilurð drauma ef allur vakandi efnisheimurinn er í raun ekki til, að hann skapist þess heldur í huga okkar. Þá er öll þekking forþekking í einhverjum skilningi, og með öllu óljóst hvaðan efniviðurinn í þessa sýnd okkar kemur. Til eru kenningar sem reikna með slíku, eins og sýndarveruleikakenning Nicks Bostrom, þar sem hann færir rök fyrir því að ein þriggja eftirfarandi fullyrðinga hljóti að vera sönn. 1. Að mannkynið deyi út áður en það nær að gera fullútbúinn „veraldarhermi“. 2. Að það myndi aldrei gera slíkan „veraldarhermi“ af siðferðilegum ástæðum, eða 3. Að við séum nú þegar í slíkum „veraldarhermi“. Ástæðan fyrir því að við erum frekar í hermi en í upprunalegu veröldinni er sú að ef að einn slíkur hermír er gerður, þá eru allar líkur á að fleiri séu gerðir. Mun meiri líkur séu á að við séum í einum hermanna, heldur en í þeim upprunalega.⁹ Það er þó hvernig sem á það er litið erfitt að fullyrða að draumar séu efnislega raunverulegir. Ef horft er til algerrar efnishyggju, þá eru draumar afsprengi heilavirkni, og eru efnislega til í tengingum innan heila hvers og eins, bæði á meðan þeir gerast og að í einhverju magni sem minningar eftir á.

Descartes svarar sjálfum sér í sjöttu hugleiðingu sinni. Hann hefur þá með aðstoð guðs losað sig undan öllum efasemdum um tilvist ytri heims. „Allt sem ég lifi í vöku tengir minni mitt við allt annað sem ég hef séð og lifað; en hið sama verður ekki sagt um drauma mína.“¹⁰ Ef að maður myndi skyndilega birtast Descartes í vöku og hverfa jafnskjótt aftur, líkt og í draumi, myndi hann ekki telja manninn vera raunverulegan, heldur ímyndun. Með því að tengja skynjanir við aðrar skynjanir í lífi sínu getur hann vitað með vissu hvort um draum eða vöku sé að ræða.¹¹ Munur draums og vöku fyrir honum er að líta í kring um sig, bæði í tíma og rúmi, því að í draumum má yfirleitt

⁹ Nick Bostrom, „Are we living in a computer simulation?“, Simulation Argument vefurinn <https://www.simulation-argument.com/simulation.html>

¹⁰ Descartes, *Hugleiðingar um frumspeki*, 222.

¹¹ Descartes, *Hugleiðinga um frumspeki*, 222-223.

finna augljóst misræmi. Descartes svarar þó ekki spurningunni hvers vegna fólk tekur venjulega ekki eftir þessu misræmi þegar því dreymir.

III. Tilraunir til aðgreiningar drauma og vöku

III. a. Thomas Hobbes

Ekki voru allir á alls kostar sáttir við fullyrðingu Descartés að draumur og vaka gætu verið óaðgreinanleg. Í allsherjarrýni sinni á mannsandanum, *Leviathan*, byrjar Hobbes nokkurn veginn frá grunni og mætir draumfyrirbrigðinu snemma á leiðinni. „Birting efnislegra hluta er gegnum skynfærin, jafnt í vöku sem draumi... Og þó að í ákveðinni fjarlægð virðist hinn raunverulegi efnishlutur á virkan hátt vera að veita skynjuninni sem verður til í okkur innihald sitt, þá er efnishluturinn eitt, og myndin eða skynjun okkar á hlutnum annað.“¹² Þótt hluturinn virðist veita okkur allar upplýsingar um sig, þá eru þær litaðar af skynfærum okkar, skynjun okkar af hlutnum er eitt, en það sem hann raunverulega er, er annað. Forvitnilegt er að Hobbes tekur fram að þetta sé eins í vöku og draumi.

„Þó að vindurinn dvíni, hætta bárurnar ekki að ýfast í langan tíma eftir á; einnig gerist það með hreyfingu sem hefst innra með mannskepnu, þegar hún sér, dreymir, o.s.frv. Því eftir að hlutur er fjarlægður, eða auga lokað, geymum við enn mynd af skynjaða fyrirbærinu þó hún sé óljósari en í beinni skynjun. Þetta er kallað ímyndunarafli.“¹³ Hobbes notar orðið ímyndun einnig yfir það sem við köllum minni. Ímyndun er bara grotnandi skynjun. Draumar eru svo ímyndanir hinna sofandi.¹⁴ Nauðsynleg skynlíffæri eru deyfð í svefni. Ytri heimur orkar ekki á þau, svo innri líffæri hljóta að valda draumum. Viðhorf Hobbes bergmálar að miklu leyti Aristóteles.¹⁵ Báðir vilja meina að eftir að lokað er á skynfærin þá eru afgangar skynjana enn á róti, eins og úfið haf eftir að vindinn lægir. Þar sem að draumar eru ekkert annað en afgangar af vökuímyndunum þá eru þeir eins og þær, nema að vegna þess að skynfærin eru óvirk og trufla ímyndanirnar ekki neitt, þá virðast þær mun sterkari í svefni en vöku. Það kemur að því að draumar geti jafnvel verið nógu sterkir að mörgum þyki erfitt að greina milli skynjunar og sofandi ímyndana. Hobbes dregur því næst línu á milli á drauma og vöku. Þegar hann dreymir hugsar hann ekki stöðugt

¹² Thomas Hobbes, *Leviathan* (London: Andrew Crooke, 1651), 10.

¹³ Hobbes, *Leviathan*, 11.

¹⁴ Hobbes, *Leviathan*, 13.

¹⁵ Aristóteles, „On Dreams“.

eða oft um sömu persónur, staði, hluti og verknaði líkt og hann gerir í vöku. Og í vöku tekur hann eftir fáránleika drauma, en í draumum tekur hann aldrei eftir fáránleika vöku. Það er ójafnvægi innri parta líkamans sem veldur draumum. Þegar þú ert reiður, er meiri virkni á ákveðnum stað í líkamanum. Ef að mikil virkni er af einhverjum ástæðum í reiðitengdum líkamshluta á meðan þig dreymir, veldur það aukinni reiði í draumnum, sem dæmi.¹⁶ Hann fer svo að líkja efasemdum um tilvist efnisheims vegna drauma við það að sjá drauga á nóttunni, eða að trúá á nornaseiði. Slíkt gerist einungis ef viðkomandi er í uppnámsástandi. Hann vill svo meina að flest trúarbrögð hafi orðið til úr slíku ástandi.¹⁷

Rannsóknir hafa sýnt að virkni í hlutum heilans sem sjá um ákveðna skynjun í vöku verður meiri þegar draumurinn snýr að þess konar skynjun. Þetta útskýrir hvers vegna fólk sem þjáist af andlitsblindu vegna heilaskemmda dreymir ekki andlit, einmitt vegna þess að hluti heilans tengdur við að muna andlit er skemmdur.¹⁸ Það var þá töluvert til í fullyrðingum Hobbes um að virkni í hluta líkamans tengdu ákveðnu atferli í vöku ýtti undir drauma um það atferli. Aðgreining hans á draumum frá vöku er þó alls ekki fullkomin. Þó að þú takir eftir fáránleika drauma í vöku þá gerirðu það ekki öllum stundum, og þó að þú takir ekki eftir fáránleika vöku í draumi, þýðir það ekki að þú haldir ekki stundum í draumi að þú sért vakandi. Það er einmitt mjög vel þekktur eiginleiki drauma að dreymandi telji sig vakandi. Margir kannast svo við að vakna úr draumi inn í annan draum, og stundum gerist það oft í röð inn í „sama“ draumi.¹⁹ Og þó að Hobbes hugsar ekki stöðugt eða oft um sömu persónur í draumum sínum og vöku, þá gerði hann það eflaust stundum, og flestalla dreymir (í það minnsta stundum) fólk eða aðstæður sem eiga sér að einhverju leyti hliðstæðu í raunveruleikanum. Hobbes reynir að aðgreina drauma frá vökuskynjun með því að styðja sig við fáránleika drauma, en draumar geta verið ósköp hversdagslegir, og raunveruleikinn sérlega fáránlegur. Þó að það sé vissulega algengur eiginleiki drauma, að þeir séu stórskrýtnir miðað við okkar hefðbundnu daglegu upplifun, dugar sá eiginleiki varla einn og sér til aðgreiningar á draumi og vöku. En hann hjálpar vissulega til í að greina á milli. Í því samhengi má vísa til flokkunar draumrannsakandans og taugavísindamannsins Allans Hobson á furðueiginleikum drauma í þrjú flokka, eins og hún er útskýrð af Owen Flanagan í bók hans *Dreaming Souls*. Furðueiginleikarnir eru þar settir fram sem eitt af tólunum til aðgreiningar á draumi og vöku. Flokkarnir eru eftirfarandi:

¹⁶ Hobbes, *Leviathan*, 13-14.

¹⁷ Hobbes, *Leviathan*, 14-15.

¹⁸ Flanagan, *Dreaming Souls*, 82.

¹⁹ Bertrand Russell, *Human Knowledge: Its Scope and Limits* (London: Routledge, 2009), 153.

Ósamræmi: Eitthvað sem gengur ekki upp við almenna þekkingu, eða við það sem var að gerast nokkru áður. Eins og til dæmis geimverur að borða gras upp á Everest fjalli.

Óvissa: Óljósar staðreyndir í draumum, þú ert t.d. með vini þínum en við nánari skoðun er það ekki neinn sérstakur vinur þinn, hann gæti jafnvel verið með andlit Felix Bergssonar.

Samhengisrof: Einhver breyting sem brýtur í bága við það sem eðlilegt þykir gerist á svípstundu. T.d. að kærastan þín er sekúndu síðar orðin að gömlum menntaskólakunningja án þess að þú kippir þér neitt upp við það.²⁰

III. b. John Locke

John Locke aðgreindi drauma og vöku á annan hátt. Eftir samanburð á beinni skynjun og síðari hugsunum um skynjunina, á að finna í alvöru lyktina af ilmandi kaffi eða bara ímynda sér hana, beinir hann orðum sínum að ímynduðum efahyggjumanni sem telur beina skynjun allt eins geta vera draum: „Það skiptir litlu hvort ég fjarlægi efasemdir efasemdarmannsins: þar sem allt er aðeins draumur, eru rökfærslur gagnslausar, sannleikur og þekking ekki til. Þrátt fyrir það, þá myndi jafnvel efasemdarmaður samþykkja að mikill munur sé á að dreyma að vera í logandi báli og vera raunverulega staddur í því.“²¹

Er það í raun og veru? Þegar þig dreymir að að þú lendir í logandi báli þá gæti það eflaust vakið upp jafn sterkar tilfinningar og að lenda í því sama í vöku. Sársaukaviðbragðið yrði þó aldrei sambærilegt, í stað þess að taugaboðin komi frá bruna í húðinni inn í heila, verður það til sem eins konar hermiviðbragð inn í heilanum sjálfum, ef við göngum út frá almennum skilningi á sársauka. Þegar horft er á atburðina utan frá þá er mikill og greinilegur munur á. Önnur manneskjan veltist mögulega um í rúminu og upplifir í það minnsta andlegu hlið sársaukans. Hin gæti verið nær dauða en lífi, og atburðurinn gæti haft sálræn áhrif mörg ár á eftir. Sársaukinn ólýsanlegur, nema ef lostið eða önnur líkamleg viðbrögð hafi deyft. En ef horft er úr sjónarhorni upplifanda gæti augnablikið að upplifa að vera umkringdur eldi í draumi verið svipuð og hvernig hann heldur að upplifunin af slíku sé í vöku. Ef viðkomandi hefur raunverulega upplifað það að vera innlyksa í báli, þá myndi slík upplifun í draumi eflaust geta verið þeim mun sterkari. Áfallastreituröskun hefur sterk áhrif á drauma, veldur auknum martröðum og á það jafnvel til að láta

²⁰ Flangan, *Dreaming Souls*, 171-172.

²¹ John Locke, *An Essay Concerning Human Understanding* (Pennsylvania: Pennsylvania State University, 1999), 527-528.

manneskju endurupplifa áfallið síendurtekið í draumum sínum.²² Því er vel hugsanlegt að manneskja sem hefði upplifað slíka bálför gæti endurupplifað hana ljóslifandi í draumi. Á meðan draumnum stendur, þá þarf munurinn ekki að vera neinn. Það er ekki fyrr en er horft er til baka á hann, eða með utanaðkomandi augum sem báltraumurinn verður síðri vökuupplifuninni.

Draumaupplifun er ekki jafnvíg raunverulegri upplifun, og Locke finnur fyrirtaks dæmi í óbærilegum sársauka. Ef ómögulegt er að finna sársauka í draumum er aðgreiningin einföld, og fornfræga ráðið að klípa sig til að athuga hvort manni dreymi orðið að staðreynd. Rannsóknir hafa þó sýnt fram á að mögulegt er að finna sársauka í draumum, þótt það sé sjaldgæft.²³

IV. Bertrand Russell og hans draumverufræði. Draumar eru sem upplifanir eðlislægt óaðgreinanlegar frá vöku

Þó að aðeins einn upplifi draum fyrir sig, og enginn annar muni upplifa þann sama draum, þá upplifir enginn nákvæmlega sama raunveruleikann heldur skv. Russell. Hann setur fram *mögulega kenningu* um það að enginn sjái nokkurn tímann það nákvæmlega sama. Sjónarhorn hvers og eins er alltaf a.m.k. örlítið frábrugðið hinna. Ef tveir menn líta á borð, er ómögulegt að kalla það sama borðið af því þeir sjá eins borð, mismunur í skynfærum og ástandi þeirra, ásamt ólíku sjónarhorni gerir það ókleift. Það er bara sama borðið af því þeir sjá svipaðan hlut á svipuðum stað.²⁴ Almenn er talið að mannfólk deili í vöku upplifun af sama heimi, margar ólíkar mannverur að upplifa eitthvað eitt. Á móti kemur eru draumar almennt taldir einstakar upplifanir, hver og einn upplifir sérstakan draum og deilir honum ekki með neinum. Ef við fylgjum kenningu Russell, þá er hægt að álykta að vaka sé heldur ekki deild upplifun, heldur einstök fyrir hvern og einn. Þá er sú aðgreining milli drauma og vöku ekki lengur skotheld. Þetta viðhorf til skynjunar að enginn upplifi nákvæmlega það sama, minnir jafnframt á viðhorf Hobbes að skynjaður efnishlutur valdi ekki á beinan hátt myndinni sem birtist okkur, myndin er alltaf ólík hlutnum sjálfum. Út frá þessu má álykta að ekki sé hægt að segja að munurinn milli drauma og vöku sé að vakan sé sameiginleg skynjun á einum heimi sem mannfólkið deilir. Það sem á eftir að kanna í þessu samhengi er aðeins hvort einhver möguleiki sé á því að

²² Thomas Mellman ofl., „Dreams in the Acute Aftermath of Trauma and Their Relationship to PTSD,“ *Journal of Traumatic Stress* 1/14 2001, 241-242.

²³ Ben Springett, „Philosophy of Dreaming,“ Internet Encyclopedia of Philosophy, <http://www.iep.utm.edu/dreaming/#SH1a> objections & replies kafli.

²⁴ Bertrand Russell, *Our Knowledge of the External World* (London: Routledge, 2009), 70.

draumaupplifun sé nokkurn tímann hægt að kalla sameiginlega, hvort að einhverjir tveir aðilar á jörðinni hafi á einhverjum tímapunkti deilt draumi. Sem myndi þá þýða að Zhuangzi væri í raun fiðrildið frekar en Zhuangzi. Sú tilhugsun er fjarstæðukennd og óþarfi að fjölyrða um hana, en áhugavert væri að láta allt mannkyn skrifa niður drauma sína eina tiltekna nótt til að athuga hvort einhverjir deildu draumheimi. Það er þó vissulega afar svipuð heildarupplifun af vökuheiminum meðal fólks sem deilir sama nærumhverfi, og þótt að við höfum verið dregin í hugarleikfimi með Hobbes og Russell getum við samt alveg leyft okkur að aðgreina draumheima sem sjaldnast deila mörgum eiginleikum manna á milli, frá vökuheimi þar sem upplifanir manna deila ansi mörgum eiginleikum.

Russell segir ímyndir skynjunar ekki beint vera til sem efnishluti, því hver skynjun er mismunandi, sem gefur þá af sér mismunandi efnishlut fyrir hvern og einn. Þessar ímyndir eru aðeins viðföng skynjunar. Þessir hlutir eru þó allir raunverulegir okkur, þetta er það sem við þekkjum sem raunverulegt. Það gerir það að verkum að viðföng skynjunar eru í draumum raunverulegir hlutir þekktanlegir okkur, alveg jafnt og í vöku. Það er því sama upp á teningnum í vöku og draumum, ímyndir aðskildar efnishlutnum sjálfum er allt sem við getum nálgast. Hvers vegna köllum við hluti þá óraunverulega í draumum? Svar Russels er: Vegna óvenjulegrar tengingar þeirra við önnur viðföng skynjunar, við það að vakna flyst maður jafnvel milli heimshluta á örskotsstundu. Slíka tengingu milli upplifana á viðföngum skynjana kannast maður ekki við úr hefðbundinni dagsdaglegri skynjun. „Raunveruleg“ viðföng skynjunar eiga þá venjulega (skv. reynslu) tengingu við önnur viðföng skynjunar. Skynjanlegir hlutir vökulífs ættu því ekki að hafa eðlislægri raunveruleika en draumhlutir. Draumar og vaka ættu því, til að byrja með, að vera litin sömu augum, njóta sömu virðingar.²⁵

Hvað flokkast þó sem hefðbundin eða venjuleg tenging milli viðfanga skynjunar? Russell nefnir dæmi um að vera staðsettur í Englandi en dreyma að þú sért í Ameríku. Svo vaknarðu og ert aftur í Englandi án þess að hafa þurft að ganga í gegnum langt ferðalag heimsálfa á milli, sem þú hefur áður lært og fært inn í reynslubanka þinn að þurfi þarna á milli til að samhengið gangi upp.²⁶ Sama má segja um skyndileg hopp innan drauma, þú getur þar auðveldlega „fjarflust“ á milli fjarlæggra staða. En hefðbundin reynsla um tengsl viðfanga skynjunar hlýtur þá að miðast við aðila sem hefur mikla og samsvarandi reynslu. Manneskja með minnisglöp gæti t.d. í vöku týnt upplifun af ferðalagi milli Ameríku og Englands, en haft upplifun af því að vera á báðum stöðum með stuttu millibili. Sú manneskja hefði þá ekki

²⁵ Russell, *Our Knowledge of the External World*, 68-69.

²⁶ Russell, *Our Knowledge of the External World*, 68.

eðlilega tengingu milli viðfanga skynjunar í vöku. Alltaf væri þó hægt að sjá út tímamismuninn sem vantar þar á milli, skyndilegur fjarflutningur gæti ekki átt sér stað í vöku líkt og í draumi.

Russell dreymdi eitt sinn kirkjurústir í Þýskalandi. Allur draumurinn var jafn sannfærandi og vakandi upplifun. Upplifunin var eðlislægt óaðgreinanleg frá sambærilegri upplifun í vöku. Þar af leiðandi er ekki nægilegt að sjá eitthvað, til þess að það sé. Gegn þeim sem segja að þegar þig dreymir haldir þú einungis að þú sért vakandi, en þegar þú ert vakandi, veistu að þú ert vakandi, segir hann: „Ekki fæ ég séð hvernig sú vissa fæst. Mér hefur ótal sinnum dreymt að ég vakni. Eitt sinn gerðist það hátt í 100 sinnum í einum samfleyttum draumi.“²⁷ En eru draumar sem upplifanir eðlislægt óaðgreinanlegir vöku? Þegar Russell dreymir kirkjurústirnar gæti upplifunin virst nákvæmlega eins og í vöku, en það er líklega af því að hann er sofandi og möguleiki til djúprar hugsunar þar með skertur. Hann hefur ekki meðvitund um meðvitund sína á þessu stigi sem myndi láta hann gera sér grein fyrir því að hann er ekki í Þýskalandi á þessum tímapunkti, hann var í Bretlandi rétt áður og man ekki eftir ferðalaginu þangað.²⁸ Hægt er að horfa á það þannig, að ef þú vakir þá geturðu upplifað og hugsað á meðan. Á meðan þig dreymir þá eru upplifunartólin í dvala og hugsunin tekur við sem eins konar upplifunarhermir. Hugsunin er þá í ákveðnum skilningi „frátekin“ og vegna þess er möguleiki okkar til að taka eftir smáatriðum, hugsa fram og aftur í tímann, og tengja fleiri punkta, verulega skertur.²⁹ Ef við heimsækjum aftur bálraum Locke, þá myndi Russell líklega vera sammála minni ályktun að á meðan draumupplifunin af bálinu á sér stað gæti hún verið óaðgreinanleg sambærilegri vökuupplifun. En ef hægt væri að „sjá“ inn í drauminn um bálforina, eða kirkjurústadrauminn, þá myndum við að öllum líkindum auðveldlega sjá muninn á raunveruleika- og draumútgáfunum. Þó að ekki sé hægt að fullyrða það með fullri vissu, þá ætti samt maður með fulla, vakandi hugsunargetu að geta séð, horft utan frá, ósamræmi við veruleikann í þessum svakalega ljóslifandi kirkjurústadraum Russell. Til viðbótar við það að skrúfað sé niður í hugsunaraflinu í svefni, er lokað á áreiti venjulegrar skynjunar, eins og Aristóteles og Hobbes bentu réttilega á, sem býður enn frekar upp á að þessar næturupplifanir verði svona sérlega ljóslifandi.

²⁷ Russell, *Human Knowledge*, 153.

²⁸ Flanagan, *Dreaming Souls*, 172.

²⁹ Flanagan, *Dreaming Souls*, 172-173.

V. Verða draumar einungis til þegar vaknað er?

Vangavelta Wittgenstein um að spyrja sögumann sem lýsir draumi sínum um hvort að hann hafi í raun og veru dreymt nokkuð í nótt varð kveikjan að nýrri sýn á drauma. Dreymir manneskju raunverulega yfir nóttina eða virðist henni það einungis þegar hún vaknar?³⁰ Flestir fram að því höfðu tekið því sem gefnu að draumar gerist í raun og veru á meðan þú sefur.

Orð Wittgenstein veittu Norman Malcolm innblástur þegar hann hélt því fram að draumar væru ekki upplifanir, því að ekki er hægt að upplifa neitt á meðan maður sefur fastasvefni.³¹ Samkvæmt Malcolm er eina leiðin til að ákvarða hvort draumur hafi átt sér stað með frásögn dreymannda þegar hann vaknar. Draumahugtakið kemur því einungis frá draumafrásögnum, ekki draumunum sjálfum, þeir eru óaðgengilegir. Það er því ekki hægt að staðfesta að draumar eigi sér stað í svefninum sjálfum. Hann heldur því fram að draumar séu ekki upplifanir því að fólk rugli saman því að hugsa eða upplifa við það að dreyma um að hugsa eða upplifa. Að tala um hugsun í draumi eins og alvöru hugsun er þá sambærilegt því setja samasem-merki milli þess að klífa fjall í draumi og að klífa það í alvörunni. Þú kleifst ekki fjall, þig dreymdi að þú hefðir klifið fjall. Þú hugsar því ekki í svefni, þig dreymir hugsanlega að þig hugsir, en það er ekki það sama. Einnig vill hann meina að þeir sem gangi í svefni og slíkt séu aðeins hálfsofandi, þeir sem eru steinsofandi geta ekki verið með neins konar meðvitund.³² Ályktun Malcolm, að draumar séu ekki upplifanir, hefur mikið verið gagnrýnd fyrir að byggja á of strangri staðfestingarhyggju, og einfeldningslegri sýn á tungumálið. Jafnvel hefur verið sagt að fullyrðing hans sé lítið annað en athugasemd um notkun orðsins „upplifun“, en segi ekkert um hvort eitthvað gerist á meðan við sofum.³³ Malcolm taldi að aldrei væri hægt að staðfesta að draumar ættu sér stað í svefni, það væri bara ýmislegt sem benti til þess. Auðvelt er að setja út á slíka staðfestingarhyggju. Ef einhver sér rauðan lit fyrir framan sig og segir „ég sé rauðan lit, hér, núna“, þá hefur alltaf liðið smá tími frá því að hann sá litinn og fullyrti þetta. Viðkomandi reiðir sig þá á minnið til fullyrðingarinnar, og þá er ekki alveg hægt að staðfesta það, það bendir bara mikið til þess.³⁴ Ef engin upplifun gerist í fastasvefni þá útskýrir Malcolm heldur ekki hvað fær fólk til að segja frá slíkum

³⁰ Ludwig Wittgenstein, *Philosophical Investigations* (Oxford: Basil Blackwell, 1986), 184.

³¹ Norman Malcolm, „Dreaming and Skepticism,“ *The Philosophical Review* 1/65 (1956), 25, 32.

³² Jennifer Windt, „Dreams and Dreaming,“ *Stanford Encyclopedia of Philosophy*
<https://plato.stanford.edu/entries/dreams-dreaming/#DreInsMemIns hluti 2.1>.

³³ Jennifer Windt, „Dreams and Dreaming,“ *Stanford Encyclopedia of Philosophy*, hluti 2.1.

³⁴ Flanagan, *Dreaming Souls*, 177.

draumaupplifunum þegar það vaknar.³⁵ Þar að auki hafa rannsóknir sýnt fram á að fólk með RBD (*REM Sleep Behavior Disorder*), svefnvandamál sem gerir líkamanum oft á tíðum ókleift að lamast á meðan REM svefni stendur, gengur oft í svefni og leikur út gjörðir sínar úr draumnum, þvert á fullyrðingar Malcolm.³⁶

Kassettukenning Daniels Dennetts minnir á kenningu Malcolm að sumu leyti, en rökin gegn Malcolm bita ekki á Dennett. Tilgangur hans kenningar er líka ekki að afsanna að draumar séu upplifanir, heldur að sýna fram á að ekki sé víst að hefðbundna sýnin á drauma sé rétt. Kenningin segir að samning eða samsetning draumsins eigi sér stað í gegnum svefninn allan, en sé ekki „sýnd“ fyrr en þú vaknar og segir frá. Um nóttina gerist allt ósjálfrátt, og þú sjálfur ert ekki meðvitaður partur af því, ekki fyrr en þú vaknar.³⁷ Í kenningunni eru meðal annars notaðir sem rök draumar sem byggja lengi upp að óvæntu áreiti sem vekur. Dæmi um þetta er þekktur draumur Maury nokkurs, skráður 1861, þar sem að honum dreymdi langan og flókinn draum um frönsku byltinguna sem endaði í aftöku hans, svo vaknaði hann um leið og fallöxin féll, á sama tíma og höfuðgafli hafði fallið á háls hans.³⁸ Slíkir draumar eru þó (eins og aðrir) aðeins byggðir á frásögnum og eru þrátt fyrir það ekki algengir. Sumum þykja þeir einfaldlega of sjaldgæfir til að það þurfi að taka tillit til þeirra.³⁹ Flestir hallast enn að hefðbundnu sýninni á drauma þó að kenningu Dennetts sé erfiðara að véfengja en Malcolms. Gegn henni eru t.d. notaðar rannsóknir sem sýndu fram á að maður gat hreyft fingur sinn þegar hann vildi á meðan hann svaf fastasvefni og var í skýrdreymisástandi. Þá var sá aðili greinilega á þessum tímapunkti að dreyma draum sem hann upplifði, var á „sýningunni“ og gat sýnt að hún átti sér stað í svefninum en ekki við vakninguna.⁴⁰ Þá vaknar upp spurningin hvort að skýrdreymisástand sé sambærilegt draumástandi í REM eða djúpsvefni, og geti þá virkað sem rök gegn kenningu sem snýr að öllum tegundum drauma.

Melanie Rosen vill svo meina að þó að fólki dreymi kannski statt og stöðugt í gegnum nóttina, og draumar séu upplifanir, þá séu draumfrásagnir í það minnsta virkilega óáreiðanlegar. Hún kallar þetta uppspunasýnina á drauma. Draumafrásagnir eru mun óáreiðanlegri en frásagnir af vökuupplifunum, vegna þess hversu hratt draumaminningar eðlislægt visna og hvað hugurinn er lélegur að greina frá mjög furðulegum upplifunum (rökréttir þær alltaf að einhverju leyti). Engin leið er svo að staðfesta draumaupplifanir líkt og oft er hægt með vökuupplifanir.

³⁵ Melanie Rosen, „What I make up when I wake up,“ *Frontiers in Psychology* 4/514 (2013), 2.

³⁶ Melanie Rosen, „What I make up when I wake up,“ *Frontiers in Psychology* 4/514 (2013), 3.

³⁷ Daniel Dennett, „Are dreams experiences?“ *The Philosophical Review* 2/85 (1976), 158-159

³⁸ Jennifer Windt, „Dreams and Dreaming,“ *Stanford Encyclopedia of Philosophy*, hluti 2.2.

³⁹ Melanie Rosen, „What I make up when I wake up,“ *Frontiers in Psychology* 4/514 (2013), 3.

⁴⁰ Flanagan, *Dreaming Souls*, 177.

Skýrdreymi segir hún sanna að draumar geti verið upplifanir, en breyti þó litlu um hversu lítið gildi draumfrásagnir hafa vegna ómöguleika á staðfestingu þeirra.⁴¹

Þessar óhefðbundnu kenningar um drauma eru kannski ólíklegri en hefðbundna sýnin, en vekja samt athygli á ýmislegu sem huga þarf að þegar rýnt er í drauma. Þá helst á því að flestallt sem við þekkjum um drauma reiðir sig á frásagnir sem ekki er hægt að staðfesta, jafnvel þegar slíkar frásagnir eru paraðar við taugavísindarannsóknir. Kenning Malcolms reiðir sig um of á að staðfesta þurfi skoðanir óvæfengjanlega til þess að þær geti verið sannar. Kenning Dennetts reiðir sig um of á sjaldséða „uppbyggingardrauma“. Rosen færir svo góð rök fyrir að draumfrásagnir séu almennt ekki mjög áreiðanlegar, sem leiðir af sér að nærri því allt sem við vitum um drauma er byggt á óáreiðanlegum upplýsingum.

VI. Eru draumar ofskynjanir, skynvillur, eða ímyndanir?

Ekki er stór ástæða til að ætla að draumar séu annað en upplifanir, en hvernig upplifanir eru þeir þá? Þrjú viðhorf hafa notið einhverrar hygli:

Ef draumar eru *ofskynjanir* þá hefur umhverfið á svefnstað lítil sem engin áhrif á framvindu draums. Þetta er algengasta viðhorfið til þess hvers konar upplifanir draumar eru. Þá er átt við að draumarnir koma að öllu leyti innan frá, en móttaka myndanna og hljóðanna er óvirk, ólíkt ímyndunaraflinu sem er virkt. Draumar eru þá sambærilegar upplifanir og ofskynjanir sem koma til vegna inntöku ákveðinna lyfja, í hitaslagi, geðrofi eða þvíumlíku. R.E.M. svefn virðist loka á samspil líkama og umhverfis, og ýtir þannig undir þetta viðhorf. Aristóteles telur drauma vera skynjun sem kemur alfarið innanfrá, og er svo ljóslifandi vegna þess einmitt að öll tenging við ytra umhverfi er ekki til staðar, skynfærin í hvíld. Allar upplifanir sem gerast í svefni eða hálfsvafni sem koma til vegna utanaðkomandi áhrifa flokkaði hann sérstaklega ekki sem drauma. Cartesískur draumaefi byggist alfarið á þessu viðhorfi, Russell er á sömu skoðun. Draumskynjunin er eins og eftirherma af vökuskyngun, og eins og Descartes og Russell fullyrtu, eru þær oft á tíðum óaðgreinanlegar.⁴² Allan Hobson gekk svo langt í ofskynjanaviðhorfinu að hann kallaði drauma „normaliseruð geðrof“.⁴³

⁴¹ Melanie Rosen, „What I make up when I wake up,“ *Frontiers in Psychology* 4/514 (2013), 5-9, 13.

⁴² Jennifer Windt, „Dreams and Dreaming,“ *Stanford Encyclopedia of Philosophy*, hluti 2.4.

⁴³ Allan Hobson ofl., „The Dream as a Model for Psychosis: An Experimental Approach Using Bizarreness as a Cognitive Marker.“ *Schizophrenia Bulletin* 3/34 (2008), 515.

Ef hins vegar draumar eru *skynvillur* þá verður framvinda draums mestmegnis til vegna umhverfisáhrifa. Áreiti að utan er misskilið vegna svefnásstands og skapar þá þessar myndir í huganum. Ógerlegt er að fullyrða að allur draumefniviðurinn komi úr utanaðkomandi áhrifum á meðan svefni stendur, alltof mikið af ótrúlegum hlutum ske í draumum sem láta skynvilluviðhorfið standa höllum fæti. Hlýtur alltaf að vera í bland við ofskynjanir. Erfitt er þó að afskrifa skynvillur að fullu, margir þekkja það t.d. að vekjaraklukkuljóð hafi aðlagast draumi.⁴⁴ Í viðhorfi Aristótelesar eru slíkar skynvillur oft upplifaðar um nóttina, en samkvæmt skilgreiningu geta þær einmitt ekki kallast draumar.⁴⁵

Jonathan Ichikawa setti svo nýverið fram þriðja möguleikann: Kenningu um að draumar væru ímyndanir, sambærilegar dagdraumum og vakandi ímyndunaraflí. Hann hafnar þar að draumar séu skynjanir og að þeir þurfi á því að halda að dreymandi trú í innihaldinu. Draumar eru ekki skynjanir heldur skynjanahermun, og líkt og þegar maður ímyndar sér í vöku, þá trúir maður ekki innihaldinu á sama hátt og maður trúir því að $2 + 2$ eru 4 og að grasið fyrir framan mann muni grænka næsta vor. Það er engin önnur trú sem einstaklingur fleygir sambærilega hratt út um gluggann og slík trú á draumviðburði sem hverfur við vakningu. Ichikawa segir það vera því að trúin sé í raun aldrei til staðar. Rannsóknir hafa sýnt fram á að draumar hjá börnum þróist nokkurn veginn samhliða ímyndunaraflí þeirra,⁴⁶ sem styður kenningu hans enn frekar. Eitt stórt vandamál við kenninguna er að ímyndunaraflið er virkt afl, og draumar eru ósjálfráðir. Hann segir þó ímyndunaraflið ekki endilega alveg jafn virkt og almennt er talið, og minnst auk þess á skýrdreymi, slíkir draumar eru virkir, undir stjórn dreymandans. Þar sem skynjanir og trú geta ekki orðið til úr einhverju sem einstaklingur ímyndar sér eða skapar sjálfur, getur ekki verið að draumar innihaldi skynjanir né trú á innihaldið.⁴⁷ Til þess að samþykkja þessi rök þarf að samsama skýrdreymi og hefðbundna óvirka drauma, samþykkja að það sem á við skýrdreymi eigi líka við um aðra drauma. Annað vandamál við kenninguna er að í ákveðnum skilningi er ekki hægt að vera óttasleginn við eitthvað nema maður virkilega trúir því (þarf ekki endilega að vera ótti, á við um öll tilfinningaleg viðbrögð), en Ichikawa dregur upp líkingu við skáldskap. Skáldskapur vekur ótta þó að augljóst sé að viðkomandi trúir ekki því sem er að gerast í raun og veru,⁴⁸ líkt og eins konar óttahermir. Hryllingsmyndir og nú síðast tölvuleikir draga áhorfandann sífellt lengra inn í upplifunina. Þar að auki er hægt ímynda sér ákveðna framtíð sem vekur upp

⁴⁴ Jennifer Windt, „Dreams and Dreaming,“ Stanford Encyclopedia of Philosophy, hluti 2.4.

⁴⁵ Aristóteles, „On Dreams.“

⁴⁶ Jonathan Ichikawa, „Imagination and Dreams,“ *Mind & Language* 1/24 (2009), 109.

⁴⁷ Jonathan Ichikawa, „Imagination and Dreams,“ *Mind & Language* 1/24 (2009), 117.

⁴⁸ Jonathan Ichikawa, „Imagination and Dreams,“ *Mind & Language* 1/24 (2009), 118-119.

innilegan ótta, svo ímyndunaraflið hefur möguleikann á að vekja upp slík tilfinningaleg viðbrögð. Stigsmunur hlýtur þó að vera á þessu og það eru kannski ekki alveg sambærilegar upplifanir, að vera staddur í ógurlegri martröð og að horfa á hryllingsmynd með svipaðan hrollvekjandi „sögupráð.“ Til að undirstrika muninn á draumum og ímyndunarafli, einmitt í sambandi við hversu óvirkir draumar eru og virkt ímyndunaraflið er, getum við vísað til rannsóknar á fólki sem er ímyndunarblindt (e. *aphantasia*). Það fólk getur ekki eða á í miklum erfiðleikum með að sjá nokkurn skapaðan hlut fyrir sér, hreinlega geta ekki ímyndað sér neitt sjónrænt. Af þeim sem gátu varla ímyndað sér nokkurn skapaðan hlut í vöku, sáu 17 af 21 ósjálfrátt eitthvað fyrir sér sjónrænt í svefni.⁴⁹ Það gefur sterklega til kynna að ekki þurfi nauðsynlega ímyndunarafl til að dreyma. Án þess hljóta draumar að sækja efnivið sinn mestmegnis í minningar, og ósamræmi drauma stafar þá frekar af hversu óreiðukennt er unnið úr skynjunum og hvernig minningar eru geymdar. Ímyndunarkenning Ichikawa stendur höllum fæti gagnvart rökum um að ímyndunaraflið sé virkt en draumar ekki, þó svo að hann svari nokkuð vel gagnrýni um að ekki sé hægt að upplifa raunverulegan ótta af einhverju sem maður trúir í raun og veru aldrei. Samanburður á óttaupplifun úr skáldskap eða tölvuleikjum við draumaupplifun er þó kannski ekki alveg viðeigandi, sjaldgæft er að manngerð list vekji upp jafn sterkt óttaviðbragð og martröð sem dreymandi er staddur í getur vakið. Hver veit þó hvað sýndarveruleikatakni framtíðar ber í skauti sér í þeim efnun.

Fyrst að draumar verka yfirleitt á manneskju, en manneskjan ekki á þá, og sýnirnar virðast í það minnsta verulega líkar vökuupplifun á meðan draumum stendur, þá eru ofskynjanir líklegasti kosturinn. Skynvillur gætu aldrei verið nema smá hluti af heildardraumnum, fáa drauma væri hægt að útskýra í heild með skrýttinni birtu í svefnherberginu, eða vatni sem dreypir á enni dreymanda úr lofti herbergisins. Auðvitað geta slíkir utanaðkomandi atburðir haft einhver áhrif á suma drauma, en alltaf í bland við birtingu ósjálfráðra mynda og hljóða, ofskynjana.

VII. Owen Flanagan og nútímalegri heimspekirýni í drauma

Í bók sinni *Dreaming Souls* fer Flanagan yfir draumrannsóknir á flestum fræðasviðum í gegnum aldirnar og skýrir þær í tiltölulega einföldu máli. Hann gerir þetta allt með aðferðir heimspekinnar til hliðsjónar. Hann fer yfir ólík viðhorf til drauma, innan sálfræði, líffræði, heimspeki og þar fram eftir götunum. Hann veltir töluvert fyrir sér spurningunni hvað draumar eru, en þó iðulega út frá þælingum um

⁴⁹ Adam Zeman, „Lives without imagery – Congenital aphantasia,“ *Cortex* 1/73 (2015), 379.

líffræðilegan tilgang þeirra eða beinum rannsóknum á heilavirkni. Þótt verkefni hans sé með heimspekilegum hugsjónum nýtir hann sér mestmegnis slíkt til svara.

Hann nefnir þrjár kenningar um tilgang drauma sem notið hafa einhverrar hygli. Fyrsta er að draumar séu „truflanir“ sem fylgja svefni fyrir tilviljun, afgangur af skynjun dagsins ásamt afgöngum úr minni og ímyndunarfærum, í bland við skynjun á umhverfi á meðan sofið er. Önnur er sú að draumar séu djúpar hugsanir, líkt og Freud, Jung og fleiri aðhylltust, en þykja í dag mjög ólíklegar. Freud setti þó að hans mati fram einu líklegu kenninguna um hvers vegna draumar gætu hafa þróast vegna náttúruvals. Þriðja er hugakenningin (e. *theory of mind*), sterka útgáfa hennar segir að við séum að þjálfast lestur okkar í annað fólk (mjög mikilvægur mannlegur eiginleiki) á meðan við sofum. Veikari og líklegri útgáfa hennar er að slíkar greiningar okkar á öðru fólk yfir daginn skilji eftir sig þennan afgang á meðan við sofum.⁵⁰ Viðhorf Flanagan til drauma er hins vegar að þeir séu aukaverkun svefns, sem virðast oft þýðingarmiklir en það er kemur aðallega til vegna þess hvernig heilinn virkar almennt. Draumar eru kannski tilgangslausir en svefninn sem þeir eru aukaverkun af er það ekki, hann hefur orðið ofan á í náttúruvali vegna ýmissa ástæðna víðsvegar í dýraríkinu. Einnig vill hann meina að draumar séu kannski ekki svo frábrugðnir hefðbundinni hugsun, hugsanalest getur verið ansi óreiðukennd ef maður rýnir í hana nákvæmlega eins og hún á sér stað.⁵¹

Í síðasta kaflanum leitast Flanagan við að svara þremur heimspekilegum draumavandamálum: Hvað aðgreini drauma og vöku, hvort draumar gerist í raun og veru yfir nóttina og hvort draumar geti verið siðferðilega ámælisverðir. Hann nefnir fjóra hluti sem aðgreina drauma og vöku:

- Þú ert á svefnstað. Ef þú upplifðir rétt í þessu eitthvað sem þú ert óviss með og þú ert ringlaður í rúminu þínu, eða í sófa, eða allavega í stöðu sem býður upp á algera slökun, þá er mjög líklegt að þig hafi verið að dreyma.
- Furðulegheit. 3 flokkar furðulegheita í draumum sem Allan Hobson skilgreindi og kom fram í kaflanum um Hobbes hér að ofan: *Ósamræmi, óvissa og samhengisrof*.
- Laghugsun (e. *metacognition*). Meðvitund um meðvitund er mjög lág eða ekki til staðar í draumum.

⁵⁰ Flanagan, *Dreaming Souls*, 37-50.

⁵¹ Flanagan, *Dreaming Souls*, 58-59.

- Skýrleiki eða lífleiki (hversu ljóslifandi draumur er). Vegna skertrar laghugsunar, og skorti á utanaðkomandi skynjun, virðast draumar mun meira ljóslifandi en þeir væru ef þeir væru séðir „í dagsljósi“. ⁵²

Furðulegheitin eru atriðið sem Hobbes nýtti sér einmitt í tilraun sinni til að aðgreina drauma frá vöku. Ef rýnt er í draum eftir á virðist oft á tíðum ótrúlegt að dreymandi hafi ekki kippt sér upp við ósamræmið. En þar kemur skorturinn á laghugsun inn. Það er mikilvægur þáttur í sýn Flanagan, að meðvitund um meðvitund sé svo skert að okkur þykir ýmislegt stórfurðulegt fullkomlega eðlilegt. Slík meðvitund er þó mjög sterkur eiginleiki vökuástands. Vakandi einstaklingur er meðvitaður um að hann sé vakandi. Í draumi er sami einstaklingur sjaldnast meðvitaður um að hann sé „vakandi“ né að honum dreymi. Ef hugur dreymanda er leiddur að því að honum dreymi eru líkur fyrir því að hann vakni, eða færist mögulega í skýrdreymisástand. Draumar geta síðan reynst svo ljóslifandi sem raun ber vitni vegna þess að lokað er á utanaðkomandi skynjun, til viðbótar við það að hugsun og dómgreind er stillt í hóf í svefni, svo erfitt reynist að greina ósamræmi og ófullkomleika í myndunum sem birtast. Áðurnefndur kirkjurústadraumur Russell sem knúði hann til að segja vöku og draum eðlislægt óaðgreinanleg var þá eflaust ekkert óaðgreinanlegur frá sambærilegri vökuupplifun. En í heilavirkni svefnis hefur Russell þótt upplifanirnar jafnvígar. ⁵³

VIII. Hvað eru draumar?

Ef litið er yfir skilgreiningar eða viðhorf áðurnefndra heimspekinga á draumum eru þær eitthvað á þessa leið:

Aristóteles taldi drauma verða til vegna áframhaldandi hreyfinga skynlíffæra af völdum skynjunar, hvort sem það er ytri skynjun sem nú er hætt, eða innri skynjun sem heldur áfram meðan sofið er.

Descartes segir drauma myndir málaðar af huganum. Skilgreining sem er svo opin að hún nær að innihalda allar þær kenningar og viðhorf sem fjallað er um hér.

Hobbes bergmálar Aristóteles þegar hann segir drauma vera áframhaldandi virkni skynfæranna eftir að þau eru hætt í notkun. Hobbes vildi jafnframt meina að ef sérstök svæði í líkamanum eru virk í svefni, t.a.m. svæði sem framkallar reiði, þá gæti virkinn þar þýtt að draumurinn yrði litaður af reiði.

Russell segir draumskynjun óaðgreinanlega vakandi skynjun.

⁵² Flanagan, *Dreaming Souls*, 171-173.

⁵³ Flanagan, *Dreaming Souls*, 171-174.

Malcolm (út frá Wittgenstein) segir drauma allt eins geta orðið til í morgunsvefnrofa. Draumar eru ekki upplifanir, allt sem við gefum okkur um drauma, á í raun við um draumfrásagnir.

Dennett segir drauma vera „samda“ og „tekna upp“ um nóttina, en ekki „sýnda“ fyrir en við vakningu.

Rosen vill meina að draumar gerist mögulega í gegnum alla nóttina, en draumfrásagnir séu uppspuni, eða a.m.k. stórlega ýktar.

Ichikawa telur þá ekki innihalda skynjanir né trú. Draumar eru ímyndanir, skapaðir með ímyndunaraflinu líkt og vökuímyndanir.

Flanagan segir drauma vera aukaverkun af eiginleika sem þróaðist með okkur út af ástæðu, svefni. Þótt REM svefn gegni mikilvægum tilgangi í minnisferli heilans þá tengist það draumum lítið, þeir eru bara til staðar þegar REM svefn er til staðar.

Þó að Russell telji drauma geta verið óaðgreinanlega vöku og Locke telji þá vera auðveldlega aðgreinanlega í mörgum tilfellum, þá má alveg sameina viðhorf þeirra. Með því að horfa til viðhorfs Russell út frá sjálfri upplifun draumsins, og horfa til viðhorfs Locke út frá samanburði eftir á, eða upplifun á draumnum „séðri utan frá“. Wittgenstein og þeir sem fengu innblástur hjá honum bentu á mikilvæga staðreynd, að næstum allt sem vitað er um drauma er vitað úr draumafrásögnum. Jafnvel taugavísindarannsóknir þurfa yfirleitt að bera niðurstöður sínar saman við frásagnir dreykendanna til að komast að einhverju nýju um drauma.

Aukaverkunarsýn Flanagan á drauma kemur vel heim og saman við kenningar flestra hinna heimspekinganna, Aristóteles, Hobbes, ofl. Enginn virðist sjá fyrir sér að draumar séu annað en tilviljanakenndar myndir sem gerast á nóttunni, þó þau séu ósammála hvernig þær komi til. Með allt þetta í farteskinu má reyna að svara nokkrum spurningum um eðli og veru drauma. Þessar spurningar falla í raun allar undir spurninguna „hvað eru draumar?“, þar sem að sú spurning er verulega margþætt.

VIII. a. Hvað þarf til draums?

- a. Manneskju, draumar eru eiginleiki mannsins, ásamt sumra dýra.⁵⁴ Ef ekki þyrfti manneskju til að draumur ætti sér stað, þá þyrftu draumheimar að vera „efnislega“ til óháð því hvort dreymandi væri staðsettur í draumnum eða ekki.

⁵⁴ Flanagan, *Dreaming Souls*, 86.

Þar sem að eina leiðin til að rannsaka drauma er á sofandi manneskjum (eða dýrum) eða út frá draumfrásögnum þeirra þá eru engin rök fyrir slíkri tilvist ómannaðra draumheima.

- b. Í öðru lagi þarf svefn. Ekki er hægt fullyrða að draumar séu nauðsynleg afleiðing svefns, en hægt er að fullyrða að draumar þurfi nauðsynlega svefn. Ef draumur á sér stað án svefns er það helst sambærilegt geðrofi, svo ég vísi aftur til fullyrðingar Allans Hobson.
- c. Í þriðja lagi þarf efnivið. Segir sig sjálf að ef dreymt er um eitthvað, þá þarf að vera efniviður til þess, í formi fyrri skynjana og ímyndana, eða mögulega einhverra meðfæddra upplýsinga, eða af himni hugtakanna. Ef ekki væri efniviður í drauma hefðu þeir ekkert innihald.

Til draums þarf manneskju, svefn og efnivið.

VIII. b. Hvaðan kemur efniviðurinn?

Efniviður draums hlýtur allavega að koma að einhverju leyti úr reynslu. Spurning er hvort að það sé í bland við einhvers konar forþekkingu, eða hvort innihaldið fáiist einungis úr fyrri skynjun. Manneskja sem sefur eilíft, hefur aldrei nokkurn tímann vaknað, gæti aðeins dreymt ef einhvers konar forþekking nægði til þess að dreyma. Draumarnir gætu þá aðeins snert á því sem *a priori* þekkingin samanstæði af. Ómögulegt er að afsanna það en margt bendir til hins andstæða, að fyrri skynjun sé allur efniviðurinn. Til dæmis að börnum dreymi færri og einfaldari drauma,⁵⁵ að blindum dreymi ekki í mynd og að andlitsblindum dreymi ekki andlit, til að nefna nokkur dæmi. Efniviðurinn er sóttur í minnið sem er gagnabanki fyrri skynjana. Minnið er þó óreiðukennt í nálgun, virkar með tengingum, gallabuxur gætu t.d. minnt einhvern á ákveðinn frænda sinn. Þá gæti sá frændi rekið gallabuxnabúð í draumi aðilans út af minnistengingunni þó að frændinn vinni sem arkitekt í raun og veru. Tengingaflaumur minnisins gæti því vel útskýrt hversu óreiðukenndir og furðulegir draumar geta verið, því að eins og áður hefur komið fram virðist ekki vera þörf á ímyndunarafl til þess að fólk dreymi. Það gæti þó vel verið að fólki með sterkt ímyndunarafl dreymi mun magnaðri eða furðulegri drauma. Einnig er vert að minnst á athugasemd Flanagans um hversu óreiðukennd mannhugsunin getur í

⁵⁵ Jonathan Ichikawa, „Imagination and Dreams,“ *Mind & Language* 1/24 (2009), 109-110.

raun reynst ef rýnt er í hugsanastrauminn.⁵⁶ Draumar eru kannski ekkert furðulegir, við tökum bara ekki eftir því hversu furðuleg hversdagsleg hugsun er.

VIII. c. Tilgangur drauma

Eins og áður kom fram virðast fæstir sem fjallað er um telja að draumar eigi sér mikilvægt hlutverk eða tilgang. Aðrir sem minna er fjallað um hafa þó haldið slíku fram. Til að rifja upp, fjallaði Flanagan um þrjár kenningar um hlutverk drauma. Í fyrsta lagi voru það kenningar Freud, Jung o.fl um að draumar séu djúpar hugsanir, í öðru lagi að draumar séu „truflanir“ út frá virkni heilans, og í þriðja lagi að draumar séu til þjálfunar í að lesa í annað fólk. Eitt dæmi til viðbótar er kenning Antti Revonsuo um að draumar séu „ógnarhermar“, þróaðir í mannfólki til að gera það viðbúnara að bregðast við ógnum.⁵⁷ Niðurstaða Flanagan í þessu máli, að þeir séu í raun frekar aukaverkun af hinu mikilvæga fyrirbæri svefni, virðist eiga vel við. Sumt innihald drauma er bara „truflanir“, afgangur af heilavirkni dagsins. Annað, t.d. ljóslifandi myndirnar, er aukaverkun af verkefnum heilans í svefni. Ástæða fyrir sjálfstjáníngu sem finna má í draumum liggur í því að flókinn persónuleikinn „býr í“ þessum sama heila, ásamt því að heilabörkurinn er einkar fær í að færa óreiðukenndar upplýsingar í samræmda heild.⁵⁸

VIII. d. Eru draumar raunverulegir?

Ef draumur og vaka eru óaðgreinanleg, hljóta draumar að vera jafn raunverulegir og vakandi upplifun. Eitthvað hlýtur að fá okkur til að trúna ekki atburðum drauma líkt og við trúum atburðum vöku. Auðvitað eru draumar til, eitthvað sammannlegt fyrirbæri sem fær manneskju til að segja ótrúlegar sögur af einhverju sem virtist gerast fyrir hana meðan hún lá hreyfingarlaus í rúminu sínu. En þeir eru ekki til á sama hátt og vakandi heimurinn. Segjum sem svo að ég brjóti glas inn á salerninu áður en ég fer að sofa og skrúfa svo ljósaperuna úr, og mig dreymi svo um nóttina að ég geri slíkt hið sama, brjóti glas og skrúfi úr ljósaperuna, á tilteknu salerni í draumíbúðinni þá nóttina. Morguninn eftir get ég áætlað í vökunni að ég sé á sama stað og ég fór að sofa á, get áætlað að gólfið á salerninu sé útbíað í glerbrotum, hugsanlega að bæst hafi við blóð sambýlings, eða að ný ljósapera sé komin í stæðið og búið að þrifa upp glerbrotin og (hugsanlegt) blóðið. Í næsta draumi mínum, ef mér

⁵⁶ Flanagan, *Dreaming Souls*, 58-60.

⁵⁷ Antti Revonsuo, „The threat simulation theory of the evolutionary function of dreaming: Evidence from dreams of traumatized children,” *Consciousness and Cognition* 14 (2015), 188.

⁵⁸ Flanagan, *Dreaming Souls*, 51-52.

skyldi svo ólíklega dreyma sömu aðstæður og nóttina áður, gæti ég alveg mögulega fundið peruna brotna á baðherbergisgólfinu, í rökréttu orsakasamhengi frá síðustu nótt, en það er ólíklegra en ekki. Kannski dreymir mig sama umhverfi, kannski dreymir mig annað baðherbergi, kannski sama baðherbergi án glerbrota né blóðs. Kannski dreymir mig að ég sé í heitum potti með Snjómanninum ógurlega á Páskaeyjunni. Í raunveruleikanum myndi alltaf eitthvað orsakasamhengi fylgja glasgjörðinni, en í draumi ekki. Meira segja er líklegra að það myndi ekki fylgja. Russell á hér heiðurinn af því að segja til um hvað gerir drauma óraunverulegri vöku: Það eru ekki viðföng skynjunar sem skera úr um hvort eitthvað sé draumur eða vaka, það eru tengslin á milli viðfanga skynjunar. Ekki er hægt að áætla ákveðið orsakasamhengi, sem við höfum lært að er eðlilegt með reynslu okkar í raunheimum, í draumheimum.

VIII. e. Er munur á draumi og vöku? Hver er hann?

Russell taldi draum og vöku jafnraunveruleg en aðgreinanleg með athugun á tengslum viðfanga skynjunar. Flanagan taldi upp fjögur atriði sem hann taldi ná yfir muninn á vöku og draumi, sem nota mætti til að greina á milli: 1. Ert á svefnstað, 2. furðulegheit 3. skortur á laghugsun og 4. skýrleiki eða lífleiki. Skortur á laghugsun í draumum tengist helst aðgreiningu Russell, að í draumum er skrúfað niður í meðvitund um meðvitund og samhengishugsun þar sem leitað er í minningar til að samræma og skilja. Vegna þessa getur orsakasamhengið verið algerlega fjarverandi í draumum án þess að dreymanda finnist nokkuð athugavert við það. Aðgreining Descartes á draumum og vöku var svo einmitt að horfa á heildarmyndina, til fortíðar og orsakasamhengis, en reyndar með hjálp frá Guði. Aðgreining Hobbes reiddi sig á fátíðleika drauma, sem er einmitt einn flokkur Flanagan. Locke sagði ekki vera hægt að finna sársauka í draumum, sem minnir mjög á klisjuna að klípa sig í draumi til að greina á milli. Rannsóknir hafa þó sýnt fram á að hægt sé að finna sársauka í draumum.⁵⁹ En það skiptir kannski ekki öllu máli, vegna lífleika drauma og skerts hugarafis í svefni getur sársauki virst fullkomlega raunverulegur í draumi, þó hann teljist ekki sem raunverulegt sársaukaviðbragð.

Til er þekkt kenning um meðvitundina þar sem henni er skipt í tvennt, í frummeðvitund og æðri meðvitund. Haldið hefur verið fram að í svefni og draumum

⁵⁹ Ben Springett, „Philosophy of Dreaming,“ Internet Encyclopedia of Philosophy, <http://www.iep.utm.edu/dreaming/#SH1a> objections & replies kafli.

sé einungis frummeðvitundin við líði.⁶⁰ Í einfaldaðri útskýringu á þessari skiptingu má segja að í vöku sé manneskja bæði með frummeðvitund, sem snýr aðallega að upplifun þess sem gerist nákvæmlega á líðandi stundu, og svo æðri meðvitund, sem snýr að meðvitund um meðvitund, að horfa til baka í minningar og nota ímyndunaraflíð til að sjá fram í tímann. Samsagt allri annars stigs og abstrakt hugsun. Í svefni er hins vegar einungis frummeðvitundin við líði. Engin meðvitund um meðvitund eða möguleiki til að horfa aftur á bak til að ímynda sér komandi atburði. Það skýrir líka hvers vegna svo illa gengur að samræma atburði. Til að einfalda er hægt að segja sem svo að vegna þess að skynfærin sem vinna með frummeðvitundinni eru óvirk, þurfi æðri meðvitundin að gera sér upp frummeðvitundina, sem er þá gervivökuskynjun, draumurinn. Og fyrst að æðri-meðvitundar-plássið er frátekið til þess, sé enginn möguleiki á að hugsa það sem æðri meðvitundin myndin venjulega framkalla.

Tungumál flokkast þó undir æðri meðvitund, og tungumálið er óneitanlega hluti af draumum. Að aðeins annar hluti meðvitundarinnar sé virkur getur útskýrt hvers vegna svo takmörkuð eftirtekt gagnvart umhverfinu, fortíðinni og framtíðinni á sér stað í draumum, þess vegna geta þeir virst alveg jafngildir vökuupplifun. Fyrst að manneskju getur ekki dreymt án fyrri skynjunar, og að minningar flokkast undir annars stigs meðvitund, er hægt að ímynda sér draumlausan frummeðvitundarmann. Hann gæti t.d. kallast Núvitundar-Rúdolf. Maður sem upplifir bara þessa grunnskynjun en er ekki með minni né ímyndunarafl eða neina annars stigs meðvitund, hann fæddist í raun í Nirvana-ástandi og er 100% í núinu. Núvitundar-Rúdolf (eða óvitundar-Rúdólf) myndi þá samkvæmt ofangreindum skilningi ekki dreyma.

Það er því engin spurning að það er munur á draumi og vöku, og sá munur er vel greinanlegur ef litið er utan frá á fyrirbærin. Á meðan þig dreymir er hugsunarstarfsemin það skert að ólíklegt að þú getir séð muninn frá því sjónarhorni. Það er því nóg til þess að staðfesta vökuástand sitt að gera sér grein fyrir eigin meðvitund, að geta hugsað nokkur skref til baka og séð rökrétt orsakasamhengi fram að núverandi stundu. Sem er nokkuð nálægt því hvernig Descartés svaraði eigin draumavandamáli í lok *Hugleiðinga* sinna.

⁶⁰ Allan Hobson, „A mind to go out of: Reflections on primary and secondary consciousness,” *Consciousness & Cognition* 20 (2011), 993-994.

VIII. f. Eru draumar efnisleg eða óefnisleg fyrirbæri?

Við þessum hluta rannsóknarinnar hafa komið upp fæst svör. Draumar eiga sér ekki efnislega tilvist að undanskildu efninu í líkama okkar sem þeir verða til í, og því sem partar af þeim geymast í sem minningar. Ef fiðrildið ætti sér annan efnisheim sem Zhuangsi færir yfir í á nóttunni gætum við aldrei komist að því, hann er og væri að öllu leyti óaðgengilegur. Þegar Bertrand Russell segir drauma vera jafnraunverulega og vöku, þá á hann ekki við að draumhlutirnir séu endilega til sem efnisleg fyrirbæri, heldur að skynjun sé jafn áreiðanleg í draumi og vöku og því hljóti efnishlutir í draumum að vera jafn mikið til og efnishlutir í vöku.⁶¹ Enda er hann þeirrar skoðunar að hvaða skynjun sem er geti einn daginn verið framkölluð með því að pota með framtíðartæknitóli á réttan stað í heilann.⁶²

Niðurstöður

Draumar eru aukaverkun, sem gerist fyrir tilviljun þegar nokkur fyrirbæri koma saman. Nánar tiltekið, mannvera, svefn og efniviður. Svefninn þróaðist með mannum af ástæðu, og draumarnir fylgdu. Þeir fylgdu einmitt með út af söfnun efniviðsins, skynjuninni og geymslu hluta hennar í minninu. Mun líklegra er að efniviður drauma sé allur kominn úr fyrri skynjun heldur en að einhver forþekking komi við sögu. Fólk sem hefur aldrei skynjað eitthvað ákveðið, dreymir það ekki. Til dæmis dreymir blindum manni ekki í mynd. Ýmsar draumarannsóknir styrkja þetta viðhorf enn frekar. Ekki er víst hvort ímyndunaraflíð þurfi til þess að dreyma þar sem fólk með gallað ímyndunarafl virðist samt flestu dreyma. Víst er að skynjanabankann, minnið, þarf þó.

Fyrirbæri sem er aukaverkun hefur líklega engan tilgang, en vegna þess að hugarvirknin sem veldur draumunum á sér stað í heila sem hefur að geyma alla reynslu dreymandans og persónuleika, er mjög skiljanlegt að draumar virðist oft mjög táknrænir eða sálfræðilega merkingarfullir. Að vissu leyti hlýtur það að vera satt vegna þess hversu nátengt þetta allt er. Það er þá svipað að sálgreina út frá draumum og út frá tarot-lestri. Tarotspilin eiga í engu sambandi við dulræn öfl og nema enga orku frá manneskjunni, en með táknfræðinni í spilunum og víðfeðmum túlkunarmöguleikum getur sá sem lesið er fyrir auðveldlega samsamað hvaða lestur sem er við tilfinningalíf sitt og stöðu. Draumar hafa það fram yfir tarotspilin að vera

⁶¹ Russell, *Our Knowledge of the External World*, 68-69.

⁶² Russell, *Human Knowledge*, 154.

með einhvers konar aðgang að allri reynslu og öllum minningum dreymandans, þó að það sem er „valið“ í drauminn sé algjörlega handahófskennt.

Draumar eru óraunverulegri en vaka vegna skorts á orsakasamhengi, tengingar milli viðfanga skynjunar eru mjög óhefðbundnar miðað við það sem mannveran hefur vanist á ævi sinni, eins og Russell fullyrkti. Draumaupplifun geturirst nákvæmlega jafn ljóslifandi og vökuskynjun, eins og hann sagði einnig, en munurinn liggur í skertri hugarvirkni í svefni. Án vökuhugarvirkni getur fátíðleikiirst hversdagslegur svo að aðgreining Hobbess dugar skammt. Án hennar getur sársaukiirst jafnvígur sársaukaupplifun í vöku, rannsóknir sýna meira að segja fram á að alvöru sársauki finnst í draumum, svo aðgreining Locke dugar heldur ekki til. Descartes svaraði draumavandamáli sínu eiginlega best sjálfur, að horfa þurfi á orsakasamhengið, horfa fram á við og til baka, og sjá hvernig núverandi skynjun tengist við fyrri skynjanir. Flanagan setti þetta allt snyrtilega saman í fjögur atriði, sem saman eru námundun að því að greina sé hægt á milli drauma og vöku. Enn hefur þó engin leið fundist til að greina alltaf með fullri vissu þar á milli.

Draumar eru upplifanir, þó að Malcolm hafi reynt að sýna fram á gagnstæðuna með rökum sem voru reist á því að staðreyndir þyrftu að vera óvæfengjanlegar. Líklegra er að draumar gerist jafnt og þétt yfir nóttina eins og hefðbundna sýnin segir til um, þó að erfitt sé að afsanna kenningu Dennetts um að „sýning“ draumsins eigi stað við vakningu. Það sem helst má læra af kenningum þeirra er það sem Rosen lagði aðaláherslu í uppspunakenningu sinni, að allar upplýsingar okkar um drauma eru byggðar á óstaðfestanlegum frásögnum, sem gerir það að verkum að næstum allt sem við vitum um drauma er óáreiðanlegt.

Draumar sem upplifanir má helst telja til ofskynjana, dreymandi er virkur þáttakandi í draumi, en hann er ekki stjórnandi hans nema þegar um skýrdreymi er að ræða. Draumar eru jafnframt svo ljóslifandi að stundum er erfitt að greina á milli vöku og drauma, erfitt er að sjá fyrir sér að skynvillur eða ímyndanir geti kallað fram slíkan skýrleika. Þrátt fyrir sannfærandi kenningu Ichikawa um að draumar séu einungis ímyndanir, þá eru ýmis vandamál við hana. Draumar eru alltumlykjandi upplifanir framkallaðar óvirkt, á meðan ímyndanir eru missskýrar myndir framkallaðar virkt af þeim sem ímynda sér. Ef við leyfum okkur að horfa til taugarannsókna, þá virðast sömu skynjunarsvæði í heilanum vera virk í draumi og vöku⁶³, frekar heldur en að ímyndunarafsvæði í vöku séu með sambærilega virkni og draumar.

Draumar munu líklega halda áfram að valda okkur hugarangri á meðan ekki er mögulegt að hafa aðgang að beinni skynjun eins og hún birtist heilanum. Með

⁶³ Flanagan, *Dreaming Souls*, 82.

kortlagningu mannsheilans færumst við vafalaust hægt og bitandi í þá átt þótt langt sé í land. Líkja má draumum við dauðann að þessu leyti, sem dularfullu og óaðgengilegu fyrirbæri sem hentar mjög illa vísindalegri rannsókn. Kassettukenningin minnir jafnvel smá á rannsóknir á nær-dauða-en-lífi upplifunum. Þegar þeir sem „deyja“ en lifna svo við aftur segja fallegar sögur af drungalegum en draumkenndum upplifunum á leið í átt til staðarins að handan, sem gerðust í upplifuninni, standa þeir frammi fyrir þeim vanda að þeir lifnuðu allir við aftur. Það þarf því ekkert að vera að svona fallegar sýnir birtist fólki þegar það deyr, kannski gerist það bara þegar það vaknar aftur. Sama má segja um drauma, fyrst að næstum allar upplýsingar um þá koma úr einstaklingsfrásögnum, er erfitt að útiloka að þeir séu settir saman í svefnrofanum eftir vakningu, eða jafnvel að þeir gerist yfir höfuð ekkert yfir nóttina.

Heimildaskrá

- Aristóteles. *Parva Naturalia*. 458a, „On Dreams“. Vefur MIT háskólans <http://classics.mit.edu/Aristotle/dreams.html> (skoðað 8.1.18).
- Bostrom, Nick. „Are we living in a computer simulation?“ Simulation Argument vefurinn <https://www.simulation-argument.com/simulation.html> (skoðað 8.1.18).
- Dennett, Daniel. „Are dreams experiences?“ *The Philosophical Review* 2/85 (1976): 151-171.
- Descartes, René. *Hugleiðingar um frumspeki*. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 2001.
- Flanagan, Owen. *Dreaming Souls*. New York: Oxford University Press, 2000.
- Hansen, Chad. „Zhuangzi.“ Stanford Encyclopedia of Philosophy, birt 2014 <https://plato.stanford.edu/entries/zhuangzi/> (skoðað 8.1.18)
- Hobbes, Thomas. *Leviathan*. London: Andrew Crooke, 1651.
- Hobson, Allan. „A mind to go out of: Reflections on primary and secondary consciousness.“ *Consciousness & Cognition* 20 (2011): 993-997.
- Hobson, Allan ofl. „The Dream as a Model for Psychosis: An Experimental Approach Using Bizarreness as a Cognitive Marker.“ *Schizophrenia Bulletin* 3/34 (2008): 515-522.
- Ichikawa, Jonathan. „Imagination and Dreams.“ *Mind & Language* 1/24 (2009): 103-121.
- Locke, John. *An Essay Concerning Human Understanding*. Pennsylvania: Pennsylvania State University, 1999.
- Malcolm, Norman. „Dreaming and skepticism.“ *The Philosophical Review* 1/65 (1956): 14-37.
- Mellman, Thomas ofl. „Dreams in the Acute Aftermath of Trauma and Their Relationship to PTSD.“ *Journal of Traumatic Stress* 1/14 2001: 241-247.
- Revonsuo, Antti ofl. „The threat simulation theory of the evolutionary function of dreaming: Evidence from dreams of traumatized children“ *Consciousness and Cognition* 14 (2015): 188-218.

- Rosen, Melanie. „What I make up when I wake up.“ *Frontiers in Psychology* 4/514 (2013): Online 1-15.
- Russell, Bertrand. *Human Knowledge: It's Scope and Limits*. London: Routledge, 2009.
- Russell, Bertrand. *Our Knowledge of the External World*. London: Routledge, 2009.
- Springett, Ben. „Philosophy of Dreaming“. Internet Encyclopedia of Philosophy, <http://www.iep.utm.edu/dreaming/#SH1a> (skoďaď 8.1.18).
- Windt, Jennifer. „Dreams and dreaming.“ Stanford Encyclopedia of Philosophy. Birt 2015 á <https://plato.stanford.edu/entries/dreams-dreaming/#DreExp>
- Wittgenstein, Ludwig. *Philosophical Investigations*. Oxford: Basil Blackwell, 1986.
- Zeman, Adam. „Lives without imagery – Congenital aphantasia.“ *Cortex* 1/73 (2015): 378-380.